

2013:1 • 30. janúar 2013

Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2012

Labour market statistics, 4th quarter 2012

Samantekt

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru 176.800 manns á vinnumarkaði. Af þeim voru 168.400 starfandi og 8.400 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 78,8%. Hlutfall starfandi mældist 75% og atvinnuleysi var 4,7%. Starfandi fjölgaði um 3.000 manns og atvinnulausum fækkaði um 2.200 frá fjórða ársfjórðungi 2011. Þegar á heildina er litið fækkaði einnig fólki sem stendur utan vinnumarkaðar um 500 manns. Atvinnuleysi var 5,1% á höfuðborgarsvæðinu en 4,1% utan þess. Meðalfjöldi vinnustunda var 38,7 klst. hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 44,1 klst. hjá þeim sem voru í fullu starfi og 21,7 klst. hjá þeim sem voru í hlutastarfi. Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru 2.500 manns búnir að vera atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur en fór hæst á árinu 2012 í 3.300 manns á þriðja ársfjórðungi.

Inngangur

Alþjóðlegir staðlar og skilgreiningar

Frá og með ársbyrjun 2003 hefur Hagstofan framkvæmt samfellda vinnumarkaðsrannsókn sem gefur niðurstöður fyrir hvern ársfjórðung. Rannsóknin er hluti af vinnumarkaðsrannsókn hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og byggist hún á alþjóðlegum stöðlum og skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við vinnumarkaðsrannsóknir í öðrum löndum EES og víðar.

Framkvæmd

Fjórði ársfjórðungur 2012 nær til 13 vikna, frá 1. október til 30. desember 2012. Heildarúrtakið var 3.918 manns á aldrinum 16–74 ára sem valdir voru af handahófi úr þjóðskrá. Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir erlendis reyndist nettóúrtakið 3.821 einstaklingur. Alls fengust nothæf svör frá 3.130 einstaklingum sem jafngildir 81,9% af endanlegri svörun. Allar tölur hafa verið vegnar eftir kyni og aldri. Vikmörk niðurstaðna um atvinnuþátttöku eru $\pm 1,3\%$, atvinnuleysi $\pm 0,8\%$ og vinnutíma $\pm 0,6$ klukkustundir.




Vinnuafli

Konum fjölga en körlum fækkar

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru 176.800 á vinnumarkaði sem jafngildir 78,8%. Frá fjórða ársfjórðungi 2011 hefur fólki á vinnumarkaði fjölgað um 800. Ef horft er aftur til 4. ársfjórðungs 2009 er fjöldi fólks á vinnumarkaði töluvert minni eða sem nemur 5.600 manns, en þá var fjöldi fólks á vinnumarkaði 182.400. Atvinnuþátttaka karla á 4. ársfjórðungi 2012 var 81,4% en kvenna 76,1%. Borið saman við sama ársfjórðung 2011 þá hefur annars vegar hlutfall karla á vinnumarkaði lækkað úr 82,7% um 1,3 prósentustig. Hins vegar hefur hlutfall kvenna aukist um 1,9 prósentustig úr 74,3%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuþátttaka 78,6% á fjórða ársfjórðungi 2012 og 79% utan þess.

Mynd 1. Atvinnuþátttaka eftir kyni og ársfjórðungi 2008–2012

Figure 1. Activity rates by sex and quarters 2008–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), atvinnuþátttaka 4. ársfjórðungur 2012: Alls $\pm 1,4$; karlar $\pm 1,7$; konur $\pm 1,9$. CI (95%) 4th quarter 2012: Activity rate: Total $\pm 1,4$; males $\pm 1,7$; females $\pm 1,9$.

Skilgreining atvinnuþátttöku

Á vinnumarkaði eða til vinnuaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda.


Starfandi fólk

Starfandi fólki fjölga

Fjöldi starfandi á fjórða ársfjórðungi 2012 var 168.400 manns og hlutfall starfandi af mannfjölda var 75%. Hlutfall starfandi karla var 77% en starfandi kvenna 73,1%. Frá fjórða ársfjórðungi 2011 til fjórða ársfjórðungs 2012 fjölgaði starfandi fólki þegar á heildina er litið um 3.000 manns. Starfandi körlum fækkaði þó lítillega eða um 300 en konum fjölgaði á sama tíma um 3.300. Hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu var 74,4% en utan höfuðborgarsvæðisins var það 75,8%. Fjöldi starfandi á fjórða ársfjórðungi 2011 var 165.400 og var hlutfall starfandi 73,8%. Hlutfall starfandi karla var þá 77,4% en starfandi kvenna var 70,1%. Á fjórða ársfjórðungi 2011 var hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu 73,9% en utan þess 73,6%.

Mynd 2. Starfandi eftir ársfjórðungi 2007–2012

Figure 2. Employed by quarters 2007–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 4. ársfjórðungur 2012: Hlutfall starfandi ± 1.4 . CI (95%) 4th quarter 2012: Employment rate ± 1.4 .

Skilgreining á starfandi


Fólk telst vera starfandi ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku könnunar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu.

Við vinnu í viðmiðunarviku

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru að jafnaði 153.900 við vinnu í viðmiðunarvikunni, eða 91,4% starfandi fólks. Á fjórða ársfjórðungi 2011 var hlutfallið 92,4%. Þá voru 152.600 starfandi fólks að jafnaði við vinnu í viðmiðunarviku. Helstu ástæður fjarvista á fjórða ársfjórðungi 2012 eru þessar: Í fríi 38,8%, vegna fæðingarorlofs 22,8%, vegna veikinda 17,9%, vegna vinnuskipulags 9,2% og 11,3% af öðrum ástæðum.

Mynd 3. Við vinnu í viðmiðunarviku eftir ársfjórðungi 2008-2012

Figure 3. Employed at work in reference week by quarters 2008-2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 4. ársfjórðungur 2012: Hlutfall við vinnu af starfandi ± 1.1 , af mannfjölda ± 1.6 . CI (95%) 4th quarter 2012: Percent at work of employed ± 1.1 , of population ± 1.6 .


Starfandi í fullu starfi fjölgar

Af starfandi fólki á fjórða ársfjórðungi 2012 voru 126.800 í fullu starfi, eða 75,3% og 41.600 í hlutastarfi eða 24,7%. Starfandi í fullu starfi fjölgaði um 3.100 frá

fjórða ársfjórðungi 2011 en fjöldi fólks í hlutastörfum stóð í stað. Karlar í fullu starfi voru 84,9% á fjórða ársfjórðungi 2012 og konur 65%.

Mynd 4. Starfandi í fullu starfi eftir ársfjórðungi 2007–2012


Figure 4. Employed full time by quarters 2007–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 4. ársfjórðungur 2012: Hlutfall í fullu starfi $\pm 1,5$. CI (95%) 4th quarter 2012: Employment rate – full time ± 1.5 .

Mynd 5. Starfandi í hlutastarfi eftir ársfjórðungi 2007–2012

Figure 5. Employed part time by quarters 2007–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 4. ársfjórðungur 2012: Hlutfall í hlutastarfi $\pm 1,5$. CI (95%) 4th quarter 2012: Employment rate – part-time ± 1.5 .

Atvinnuleysi


8.400 manns að meðaltali án atvinnu og í atvinnuleit

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru að meðaltali 8.400 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 4,7% vinnuaflsins. Atvinnuleysi mældist 5,4% hjá körlum og 4% hjá konum. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 5,1% og 4,1% utan þess. Atvinnuleysi var mest hjá fólki á aldrinum 16–24 ára eða 10,7%. Frá fjórða ársfjórðungi 2011 til fjórða ársfjórðungs 2012 fækkaði atvinnulausum um 2.200 manns. Á fjórða ársfjórðungi 2011 voru að meðaltali 10.600 atvinnulausir og mældist atvinnuleysi

6%. Atvinnuleysi var 6,4% hjá körlum og 5,6% hjá konum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi þá 6,7% og utan höfuðborgarsvæðisins var það 4,7%.

Mynd 6. Atvinnuleysi eftir ársfjórðungi 2007–2012


Figure 6. Unemployed by quarters 2007–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 4. ársfjórðungur 2012: Atvinnuleysi ± 0.8 . CI (95%) 4th quarter 2012: Unemployment rate ± 0.8 .

Mynd 7. Atvinnuleysi eftir aldri og og ársfjórðungi 2008–2012

Figure 7. Unemployment rate by age-groups and quarters 2008–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), atvinnuleysi 4. ársfjórðung 2011: 16–24 ára ± 2.9 , 25–54 ára ± 0.9 , 55–74 ára ± 1.9 . CI (95%) 4th quarter 2012 activity rate: 16–24 years ± 2.9 , 25–54 years ± 0.9 , 55–74 years ± 1.9 .

Skilgreining á atvinnuleysi

Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunaryrðinu könnunarinnar, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að ofan.

Lengd atvinnuleitar

Langtímaatvinnulausum fækkar


Af þeim sem voru atvinnulausir á fjórða ársfjórðungi 2012 voru að jafnaði 3.400 manns búnir að vera atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur eða 40% atvinnulausra. Til samanburðar höfðu 4.900 manns verið atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur á fjórða ársfjórðungi 2011 eða 46,4% atvinnulausra. Þeir sem hafa verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur eru skilgreindir sem langtímaatvinnulausir. Á fjórða ársfjórðungi 2012 höfðu um 2.500 manns verið atvinnulausir svo lengi eða 29,3% atvinnulausra. Á fjórða ársfjórðungi 2011 voru þeir sem höfðu verið atvinnulausir ár eða lengur um 2.600 manns eða 25% atvinnulausra. Þegar litið er til ársins 2012 þá fjölgaði nokkuð í hópi langtímaatvinnulausra fram eftir árinu og náði hámarki á þriðja ársfjórðungi þegar 3.300 manns töldust langtímaatvinnulausir, eða 35,6% atvinnulausra.

Lengd atvinnuleysis sem hlutfall af vinnuafli

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru 1,9% af þeim sem voru á vinnumarkaði atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur sem er 0,9 prósentustigum lægra en á sama tíma 2011 og 0,2 prósentustigum hærra ef borið er saman við þriðja ársfjórðung 2012. Langtímaatvinnulausir voru 1,4% vinnuaflsins á þriðja ársfjórðungi 2012 samanborið við 1,5% á samatíma 2011 og 1,8% á þriðja ársfjórðungi 2012.

Mynd 8. Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleitar 2008–2012

Figure 8. Unemployed by duration of search for employment 2008–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), lengd atvinnuleitar 4. ársfjórðungur 2012: 1–2 mán. ±600, 3–5 mán ±600, 6–11 mán ±500 og ár eða lengur ±900. CI (95%) 4th quarter 2012 duration of search: 1–2 months. ±600, 3–5 months ±600, 6–11 months ±500 and year or more ±900.


Vinnutími

Vinnutími 38,7 klukkustundir á viku

Á fjórða ársfjórðungi 2012 var meðalfjöldi vinnustunda 38,7 klst. hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 42,7 hjá körlum og 34,3 hjá konum. Meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í fullu starfi var 44,1 klst., 46,7 hjá körlum og 40,5 hjá konum. Meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í hlutastarfi voru 21,7 klst., 19,6 hjá körlum og 22,7 hjá konum.

Mynd 9. Vinnustundir á viku 2007–2012

Figure 9. Hours of work per week 2007–2012



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) vinnustundir 4. ársfjórðungur 2012: Heildarvinnutími $\pm 0,7$; karlar $\pm 1,0$; konur $\pm 1,1$. CI (95%) hours of work 4th quarter 2012: Total $\pm 0,7$; males $\pm 1,0$; females $\pm 1,1$.

Á fjórða ársfjórðungi 2011 var fjöldi vinnustunda um 39,3 klst., 43 hjá körlum og 35 hjá konum. Þeir sem voru í fullu starfi unnu 44,6 klst. að jafnaði en þeir sem voru í hlutastarfi unnu að jafnaði 22,7 klst.

English Summary

The number of persons in the labour force in the 4th quarter of 2012 was 176,800 which correspond to an activity rate of 78.8%. The number of employed persons was 168,400 and unemployed persons were 8,400. The employment rate was 75% and the unemployment rate was 4.7%. The number of employed persons increased by 3,000 and the number of unemployed persons decreased by 2,200 from the 4th quarter of 2011. The unemployment rate among males was 5.4% and 4% among females. The average number of working hours of those who were working in the reference week was 38.7 hours, 44.1 hours for those in full-time employment and 21.7 hours for those in part-time employment. Those who have been unemployed for 12 months or more decreased by 800 from 3,300 or 1.8% of the labour force in 3rd quarter of 2012 to 2,500 or 1.4% of the labour force in the 4th quarter of 2012.

Implementation

Since 2003 Statistics Iceland has conducted a continuous labour force survey with quarterly results. The 4th quarter of 2012 covers 13 weeks, from 1st of October to 30th of December 2012. The total sample size was 3,918 persons aged 16–74 years old selected randomly from the National registry. When those who had passed away or those who were living abroad had been deducted from the sample the net sample was 3,821 persons. In total the number of usable answers was 3,130 which correspond to 81.9% response rate. All figures have been weighted by sex and age groups. The confidence limit of the results on activity rate is $\pm 1.3\%$, employment rate is $\pm 1.4\%$, unemployment rate is $\pm 0.8\%$ and working hours is ± 0.6 hours.

Tafla 1. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 4. ársfjórðungi*Table 1. Employment and unemployment in 4th quarter*

	4. ársfjórðungur 4 th quarter				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil CI (± 95%)
Alls Total					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	80,5	80,0	78,5	78,8	1,3
Hlutfall starfandi Employment rate	75,1	74,1	73,8	75,0	1,4
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	6,7	7,4	6,0	4,7	0,8
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	178.800	179.100	176.000	176.800	2.900
Starfandi Employed	166.800	165.900	165.400	168.400	3.100
Atvinnulausir Unemployed	12.000	13.200	10.600	8.400	1.500
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	121.300	118.000	123.700	126.800	2.600
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	45.500	47.800	41.600	41.600	2.600
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	38,9	38,3	39,3	38,7	0,6
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	44,7	44,4	44,6	44,1	0,7
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	22,8	22,6	22,7	21,7	1,1
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	43.400	44.800	48.100	47.600	2.900
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	222.200	223.900	224.100	224.600	•
Karlar Males					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	83,3	83,5	82,7	81,4	1,7
Hlutfall starfandi Employment rate	76,7	76,5	77,4	77,0	1,9
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	7,9	8,4	6,4	5,4	1,2
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	94.000	94.000	93.500	92.200	1.900
Starfandi Employed	86.600	86.100	87.500	87.200	2.100
Atvinnulausir Unemployed	7.500	7.900	6.000	5.000	1.100
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	73.900	72.200	75.500	74.000	1.600
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	12.700	13.900	12.000	13.200	1.600
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	42,8	42,5	43,0	42,7	1,0
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	46,2	46,5	46,7	46,7	0,9
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	21,9	20,9	19,3	19,6	2,0
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	18.900	18.600	19.500	21.100	1.900
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	112.900	112.600	113.000	113.300	•
Konur Females					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	77,6	76,5	74,3	76,1	1,9
Hlutfall starfandi Employment rate	73,4	71,7	70,1	73,1	2,0
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	5,4	6,3	5,6	4,0	1,1
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	84.700	85.100	82.500	84.600	2.100
Starfandi Employed	80.200	79.800	77.900	81.200	2.200
Atvinnulausir Unemployed	4.500	5.400	4.600	3.400	900
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	47.400	45.900	48.200	52.800	2.100
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	32.800	33.900	29.600	28.400	2.100
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	34,5	33,6	35,0	34,3	0,8
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	42,2	41,0	41,3	40,5	0,9
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	23,2	23,3	24,1	22,7	1,3
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	24.500	26.200	28.600	26.500	2.100
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	109.300	111.300	111.100	111.200	•

Tafla 1. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 4. ársfjórðungi (frh.)
 Table 1. Employment and unemployment in 4th quarter (cont.)

	4. ársfjórðungur 4 th quarter				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil CI (± 95%)
16–24 ára years					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	67,2	68,1	66,4	71,3	3,6
Hlutfall starfandi Employment rate	56,3	57,6	57,2	63,6	3,8
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	16,1	15,4	13,9	10,7	2,9
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	27.200	27.800	27.300	28.900	1.500
Starfandi Employed	22.800	23.600	23.500	25.800	1.500
Atvinnulausir Unemployed	4.400	4.300	3.800	3.100	900
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	8.800	8.300	9.000	10.300	1.200
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	14.000	15.300	14.500	15.500	1.200
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	27,3	26,1	27,6	27,4	2,0
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	43,3	43,2	44,7	43,4	2,6
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	16,7	16,6	16,1	16,6	1,9
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	13.300	13.000	13.800	11.700	1.500
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	40.500	40.900	41.100	40.700	•
25–54 ára years					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	89,7	89,6	88,0	87,8	1,5
Hlutfall starfandi Employment rate	84,7	83,7	83,7	85,0	1,6
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	5,6	6,6	4,9	3,3	0,9
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	115.800	115.400	111.500	110.300	1.900
Starfandi Employed	109.300	107.800	106.100	106.700	2.100
Atvinnulausir Unemployed	6.500	7.600	5.400	3.600	1.000
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	88.200	84.700	87.000	88.700	2.000
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	21.100	23.100	19.100	18.000	2.000
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	41,3	40,4	41,5	41,3	0,8
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	44,9	44,3	44,7	44,6	0,8
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	25,9	25,5	26,5	24,6	1,6
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	13.400	13.400	15.200	15.300	1.900
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	129.100	128.700	126.800	125.700	•
55–74 ára years					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	68,1	66,2	66,1	64,5	2,7
Hlutfall starfandi Employment rate	65,9	63,6	63,6	61,6	2,9
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	3,2	3,8	3,7	4,5	1,9
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	35.900	35.900	37.100	37.500	1.600
Starfandi Employed	34.700	34.600	35.700	35.900	1.700
Atvinnulausir Unemployed	1.200	1.400	1.400	1.700	700
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	24.400	25.100	27.700	27.800	1.300
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	10.400	9.500	8.000	8.100	1.300
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	38,8	39,8	39,8	38,9	1,3
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	44,4	44,8	44,1	42,9	1,3
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	24,8	25,2	24,8	24,9	2,2
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	16.800	18.400	19.100	20.700	1.600
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	52.600	54.300	56.200	58.200	•

Tafla 1. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi og fjöldi starfandi á 4. ársfjórðungi (frh.)
Table 1. Employment and unemployment in 4th quarter (cont.)

	4. ársfjórðungur 4 th quarter				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil CI (± 95%)
Höfuðborgarsvæði Capital region					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	80,9	79,9	79,2	78,6	1,7
Hlutfall starfandi Employment rate	75,6	73,3	73,9	74,7	1,8
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	6,5	8,2	6,7	5,1	1,1
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	116.700	116.600	116.300	116.300	2.500
Starfandi Employed	109.100	107.000	108.500	110.400	2.600
Atvinnulausir Unemployed	7.600	9.600	7.800	5.900	1.200
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	79.300	74.800	79.600	80.800	2.300
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	29.800	32.300	28.900	29.600	2.300
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	37,9	36,7	37,8	37,4	0,8
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	43,7	42,7	43,3	43,2	0,8
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	21,9	22,4	21,8	21,2	1,3
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	27.500	29.400	30.600	31.600	2.500
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	144.200	146.000	146.900	148.000	•
Utan höfuðborgarsvæðis Other regions					
Atvinnuþátttaka, % Activity rate	79,6	80,2	77,2	79,0	2,3
Hlutfall starfandi Employment rate	74,0	75,5	73,6	75,8	2,5
Atvinnuleysi, % Unemployment rate	7,0	5,9	4,7	4,1	1,3
Vinnuafli, áætl. fjöldi Labour force, est. number	62.100	62.500	59.600	60.500	1.800
Starfandi Employed	57.700	58.800	56.900	58.000	1.900
Atvinnulausir Unemployed	4.400	3.700	2.800	2.500	800
Í fullu starfi, áætl. fjöldi Employed full-time, est. number	42.000	43.300	44.100	46.000	1.600
Í hlutastarfi, áætl. fjöldi Employed part time, est. number	15.700	15.500	12.700	12.000	1.600
Heildarvinnutími, klst. Average hours of work	40,6	41,2	42,0	41,1	1,2
Vinnutími í fullu starfi, klst. Full-time hours of work	46,5	47,3	46,8	45,9	1,3
Vinnutími í hlutastarfi, klst. Part-time hours of work	24,5	22,9	24,7	23,0	2,0
Utan vinnumarkaðar, áætl. fjöldi Not in labour force, est. number	15.900	15.400	17.600	16.100	1.800
Mannfjöldi 16–74 ára, áætl. fjöldi Population 16–74 years, est. number	78.000	77.900	77.200	76.600	•

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldataölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

Tafla 2. Atvinnuleysi eftir aldri á 4. ársfjórðungi
Table 2. Unemployment rate by age groups in 4th quarter

Hlutfall Percent	4. ársfjórðungur 4 th quarter				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil CI (± 95%)
Alls Total	6,7	7,4	6,0	4,7	0,8
16–24 ára years	16,1	15,4	13,9	10,7	2,9
25–54 ára years	5,6	6,6	4,9	3,3	0,9
55–74 ára years	3,2	3,8	3,7	4,5	1,9

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldataölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

Tafla 3. Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleitar á 4. ársfjórðungi
Table 3. Unemployed by duration of search for employment in 4th quarter

Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil <i>CI (± 95%)</i>
Alls <i>Total</i>					
Vinnuafli <i>Labour force</i>	178.800	179.100	176.000	176.800	2.900
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	12.000	13.200	10.600	8.400	1.500
Með vinnu sem hefst síðar <i>Found job that starts later</i>	300	800	300	400	300
Innan við einn mánuður <i>Less than month</i>	2.300	1.800	2.000	1.400	600
1–2 mán. <i>month</i>	3.100	2.800	2.900	2.000	700
3–5 mán. <i>month</i>	2.100	2.500	1.800	800	500
6–11 mán. <i>Month</i>	2.500	2.200	900	1.500	600
Ár eða lengur <i>Year or more</i>	1.700	3.200	2.600	2.500	800
% af atvinnulausum <i>% of unemployed</i>	100	100	100	100	•
Með vinnu sem hefst síðar <i>Found job that starts later</i>	2,2	5,8	3,0	4,2	3,7
Innan við einn mánuður <i>Less than month</i>	19,1	13,8	19,1	16,8	7,3
1–2 mán. <i>month</i>	26,1	21,1	27,4	23,3	8,6
3–5 mán. <i>month</i>	17,9	18,8	17,2	9,1	5,4
6–11 mán. <i>Month</i>	20,6	16,4	8,4	17,3	7,6
Ár eða lengur <i>Year or more</i>	14,0	24,2	25,0	29,3	9,8
% af vinnuafli <i>% of labour force</i>	6,7	7,4	6,0	4,7	0,8
Með vinnu sem hefst síðar <i>Found job that starts later</i>	0,1	0,4	0,2	0,2	0,2
Innan við einn mánuður <i>Less than month</i>	1,3	1,0	1,1	0,8	0,3
1–2 mán. <i>month</i>	1,8	1,6	1,6	1,1	0,4
3–5 mán. <i>month</i>	1,2	1,4	1,0	0,4	0,3
6–11 mán. <i>Month</i>	1,4	1,2	0,5	0,8	0,4
Ár eða lengur <i>Year or more</i>	0,9	1,8	1,5	1,4	0,5

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Tafla 4. Starfandi eftir starfshlutfalli á 4. ársfjórðungi
Table 4. Employed full time/part time in 4th quarter

Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil <i>CI (± 95%)</i>
Alls <i>Total</i>	166.800	165.900	165.400	168.400	3.100
Starfandi, % <i>Employed, %</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	•
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time, %</i>	72,7	71,2	74,8	75,3	1,6
Í hlutastarfi, % <i>Employed part-time, %</i>	27,3	28,8	25,2	24,7	1,6
Karlar <i>Males</i>	86.600	86.100	87.500	87.200	2.100
Starfandi, % <i>Employed, %</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	•
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time, %</i>	85,3	83,8	86,3	84,9	1,8
Í hlutastarfi, % <i>Employed part-time, %</i>	14,7	16,2	13,7	15,1	1,8
Konur <i>Females</i>	80.200	79.800	77.900	81.200	2.200
Starfandi, % <i>Employed, %</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	•
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time, %</i>	59,1	57,5	61,9	65,0	2,6
Í hlutastarfi, % <i>Employed part-time, %</i>	40,9	42,5	38,1	35,0	2,6

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Tafla 5. Við vinnu á 4. ársfjórðungi

Table 5. At work in 4th quarter

Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil <i>CI (± 95%)</i>
Starfandi <i>Employed</i>	166.800	165.900	165.400	168.400	3.100
Fjöldi við vinnu <i>Number at work</i>	156.500	152.300	152.800	153.900	6.500
Við vinnu af starfandi, % <i>At work of total employed, %</i>	81,8	81,9	85,6	83,5	1,5
Við vinnu af mannfjölda, % <i>At work of total population, %</i>	63,1	62,3	65,3	64,4	1,7

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldataölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Tafla 6. Utan vinnumarkaðar eftir meginstöðu á 4. ársfjórðungiTable 6. Inactive by status 4th quarter

Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i>	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>				2012
	2009	2010	2011	2012	Öryggisbil <i>CI (± 95%)</i>
Utan vinnumarkaðar <i>Inactive</i>	39.900	41.700	42.700	42.000	2.700
Námsmaður <i>Student</i>	15.600	15.800	16.700	16.100	1.100
Eftirlaun <i>Retired</i>	10.000	10.800	11.600	11.600	900
Öryrki eða fatlaður <i>Disabled</i>	7.100	8.200	9.300	8.300	1.200
Veikur <i>Ill or temporary unable to work</i>	2.300	2.300	3.000	3.800	1.000
Heimavinnandi <i>Home working</i>	2.500	1.900	2.200	3.700	1.000
Atvinnulaus <i>Unemployed</i>	3.600	3.900	3.100	1.700	700
Í fæðingarorlofi <i>In maternity/paternity leave</i>	1.000	1.500	1.200	500	400
Annað <i>Other</i>	1.500	500	1.000	1.800	700
Hlutfall <i>Percent</i>					
Utan vinnumarkaðar <i>Inactive rate</i>	21,2	17,2	18,8	21,2	1,3
Námsmaður <i>Student</i>	36,0	35,3	34,8	33,8	2,2
Eftirlaun <i>Retired</i>	23,0	24,1	24,0	24,4	1,8
Öryrki eða fatlaður <i>Disabled</i>	16,2	18,4	19,4	17,5	2,4
Veikur <i>Ill or temporary unable to work</i>	5,3	5,0	6,2	8,0	1,8
Heimavinnandi <i>Home working</i>	5,6	4,2	4,6	7,7	1,8
Atvinnulaus <i>Unemployed</i>	8,3	8,7	6,4	3,6	1,2
Í fæðingarorlofi <i>In maternity/paternity leave</i>	2,3	3,3	2,5	1,1	0,6
Annað <i>Other</i>	3,3	1,0	2,1	3,8	1,2

Skýringar Notes: Meginstaða samkvæmt þátttakanda. Hlutföll eru reiknuð af fjöldataölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Perceived status. Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Hagtiðindi Statistical Series

98. árg. • 1. tbl.

ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður Wages, income and labour market

2013:1

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7Umsjón *Supervision* Ólafur Már Sigurðsson • olafur.sigurdsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík *Iceland*Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series